



Seyðisfjarðarskóli

## Viðbragðsáætlun Seyðisfjarðarskóla vegna vímuefnaneyslu

Skólahald og skemmtanir í Seyðisfjarðarskóla og félagsmiðstöðinni Lindinni eru vímuefnalausar. Eftirfarandi ferli fer í gang vegna gruns og/eða vitneskju um tóbaks-, áfengis- eða vímuefnaneyslu nemenda:

1. Allt starfsfólk skólans, kennarar, skólahjúkrunarfræðingur, skólaliðar og aðrir starfsmenn eru á verði gagnvart líðan nemenda og ber að koma upplýsingum umsvifalaust til skólastjórnar eða umsjónarkennara ef grunsemdir vakna um notkun ofangreindra efna.
2. Ef grunur vaknar um vímuefnaneyslu nemanda boðar skólastjórn og/eða umsjónarkennari foreldra/forráðamenn til viðtals. Í viðtalinu er meðal annars greint frá grunsemdum og foreldrum/forráðamönnum bent á hvar hægt er að leita aðstoðar. Myndað er teymi í kringum nemandann milli heimilis, skóla og félagsmiðstöðvar.
3. Ef staðfestar upplýsingar um neyslu vímuefna liggja fyrir mun skólastjórn, umsjónarkennari eða hjúkrunarfræðingur umsvifalaust upplýsa foreldra/forráðamenn um neyslu nemandans og hvar hægt sé að leita aðstoðar. Þeim er jafnframt tilkynnt um framvindu málsins innan skólans. Einnig sér sami aðili um að kynna málið fyrir nemendaverndarráði.
4. Ef um ítrekaða neyslu er að ræða tilkynnir skólastjóri barnaverndaryfirvöldum skriflega um málið og óskar eftir fulltrúa þeirra á fund ásamt foreldrum/forráðamönnum og fulltrúum nemendaverndarráðs. Þar verður tekin ákvörðun um hvernig unnið verður með málið í framhaldinu. Í 17. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 er gerð ítarleg grein fyrir tilkynningarskyldu þeirra sem afskipti hafa af börnum og ungmennum.